


LEKI
GÖNGUSTAFIR
9.990 KR.
TRAUSTIR OG VANDADIR.

ÚTILÍF

utilif.is



„Nanna hefur persónulegan og innilegan stíl og er sannfærandi höfundur ... vís gjöf til margra ...“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

NANNA
RÖGNVALDARDÓTTIR



ÍÐUNN

www.forlagid.is – alvöru bókaferlun á netinu



FINGRAFLAKKIÐ HUGLEIKIÐ Verk Ragnheiðar eru full af vangaveltum, heilabrotum, samfélags- og sjálfsskoðun, segir í dómi gagnrýnanda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Helsi og frelsi

MYNDLIST ★★★★★

Hugleikir og fingraflakk
Stiklur úr starfsævi
Ragnheiðar Jónsdóttur

Sýningarstjóri: Eiríkur Þorláksson
KJARVALSSTAÐIR

Sýningin Hugleikir og fingraflakk – Stiklur úr starfsævi Ragnheiðar Jónsdóttur er tvískipt. Í öðrum helmingi salarins eru frjálsglegar óhlutbundnar teikningar listakonunnar en í hinum er hin agaða og frásagnarlega grafík. Þessi tvískipting er líka mjög skýr á ferli Ragnheiðar, enda hætti hún um 1990 að vinna í grafík, og sneri sér að þessum stórum teikningum og hefur einkum unnið að þeim síðan.

Það sem vekur athygli við skoðun sýningarinnar er að þessi umskipti listamannsins frá grafík yfir í teikningu virðast ekki hafa snúist eingöngu um miðlín, heldur er hér um að ræða skref sem listamaðurinn tekur úr helsi yfir í frelsi, ef svo má að orði komast.

Til að undirstrika þetta segir Ragnheiður þegar hún er spurð um það í sýningarskrá hvort hún myndi þrykkja myndir í sömu stærð og teikningarnar, ef hún gæti það. „Svarið var skýrt: Nei, það myndi ég aldrei gera. Mér finnst ég alltaf vera í fríi þegar ég teikna. En aftur á móti í þrælubúðum þegar ég vinn í grafík.“

Á graffíktímabilinu hefur Ragnheiður verið kröfuhörð á sjálfa sig,

þæði tæknilega og hugmyndalega. Hún er afar flinkur grafíklistamaður, en vann verk sín samhliða því að reka stórt heimili og ala upp hóp af börnum. Þessi hversdagsleiki fær að birtast í verkunum sjálfum og þannig er það ekki bara tæknin sem er krefjandi heldur umfjöllunarefni líka. Verkin eru full af vangaveltum, heilabrotum, samfélags- og sjálfsskoðun. Táknmyndir eins og rimlar, bækur, blóm og kjólar standa fyrir þau ýmsu hugðarefni sem listamaðurinn tókst á við í sínu daglega lífi og varð vitni að í umhverfi sínu. Þarna má nefna kvenfrelshreyfinguna í samfélaginu sem Ragnheiður túlkar í verkum sínum meðal annars.

Í teikningunum er það á hinn bóginn hin sjálfsprottna óhlutbundna sköpun sem Ragnheiður túlkar í verkum sínum meðal annars.

Í teikningunum er það á hinn bóginn hin sjálfsprottna óhlutbundna sköpun sem Ragnheiður túlkar í verkum sínum meðal annars. Þegar litid er yfir salinn þá er það strax áberandi hvað sýningin hefur svart-hvítt yfirbragð, sem er auðvitað ekki skrítið. Verkin eru nær öll í svart-hvítu, rétt eins og veggirnir í salnum og loftið. Það sem brýtur upp grátónana er gult parketið og svo blátt málverk Ragnheiðar, Vetur, frá árinu 2000, í einu horni sýningarinnar. Þetta eina verk í lit gerir heilmikið fyrir heildina, en að ósekju hefði mátt brjóta sýninguna svona upp á fleiri stöðum.

Áhrifamestu teikningar Ragnheiðar eru Húmtjöld II-III frá

“**Í teikningunum er það á hinn bóginn hin sjálfsprottna óhlutbundna sköpun sem ræður ríkjum, yfir henni ríkir frjáls andi, verkin eru óbundin af meinungum, hrein list fyrir skynfærin.**

árinu 1996. Það eru verk sem búa yfir dulúð og spennu, en þarna er listrænn þroski Ragnheiðar hugsanlega að ná nýjum hæðum.

Af grafíkverkunum er flottur veggur með bókamyndunum sex frá 1981, Saga. Textinn sem fylgir með er einnig kómísk lesning þar sem Ragnheiður líkir bókum við konur.

Víða í grafíkhlutanum eru beinar og óbeinar vísanir í heim kvenna, líkama þeirra og veruleika, og þar er nóg að tala um hinar mjög svo fallegu blómamyndir og svo myndaröðina með kjólunum. Í velþekktum grafíkmyndum hennar af konum með kökur á höfðinu, er það svo aftur hæfileiki Ragnheiðar til að grípa á lofti hugmynd úr hversdeginum og myndgera á gamansaman hátt, sem nýtur sín vel.

Póroddur Bjarnason

NIÐURSTAÐA: Sýning á verkum hæfileikaríkrar listakonnu, með tvískiptan feril. Verkin standa flest vel fyrir sínu, en sýningin bætir engu nýju við.

AÐVENTAN Í ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland



Jóladagskrá Þjóðminjasafnsins
hefst 1. desember – ókeypis aðgangur

Jólasýningin *Sérkenni sveinanna* á Torginu
Fjölskylduskemmtun 9. desember kl. 14
Munið jólaratleikinn: Hvar er jólakötturinn?
Komdu og hittu jólasveinana 12.- 24. desember kl. 11.00